

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 72/2002

2003/EES/49/30

frá 16. janúar 2002

um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdarráðstafanir fyrir reglugerð (EB) nr. 530/1999 eru nauðsynlegar að því er varðar viðmiðanir um efni og mat gæðaskýrslunnar sem á að framsenda til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat)) eftir hvert viðmiðunartímabil.
- 2) Upplýsingarnar, sem gefnar eru í skýrslunni, skulu vísa til breytnanna sem skilgreindar eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2000 frá 8. september 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til skilgreiningar og sendingar upplýsinga um uppbyggingu launa ⁽²⁾.
- 3) Hagkvæmni og mikilvægi sumra valfrjálsra liða, sem kveðið er á um í fyrstu gæðaskýrslunni, skulu Hagstofa Evrópubandalaganna og hagstofur aðildarríkjanna endurskoða í ljósi upplýsinganna sem aðildarríkin láta af hendi.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Mælt er fyrir um viðmiðanir fyrir mat og efni gæðaskýrslunnar, sem um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2002.

(EB) nr. 530/1999, í A- og B-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

Breyturnar, sem eru tilgreindar, eru skilgreindar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1916/2000.

2. Beðið er um upplýsingarnar og valfrjálsu breyturnar eða sundurliðanir, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, að svo miklu leyti sem unnt er samkvæmt frávikum í löggjöf bandalagsins varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar, vinnumarkaðskönnun, hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og þjóðhagsreikninga.

2. gr.

Fyrstu gæðaskýrslunni um könnun á launakerfi skal skilað fyrir viðmiðunarárið 2002.

Skýrsluna skal senda til Hagstofu Evrópubandalaganna ásamt gögnunum eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunartímabilsins sem gögnin voru tekin saman fyrir.

3. gr.

Hagkvæmni og mikilvægi valfrjálsu liðanna, sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans, skal endurskoða í ljósi upplýsinganna frá aðildarríkjunum.

Hagstofa Evrópubandalaganna og hagstofur aðildarríkjanna skulu annast þessa endurskoðun.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 15, 17.1.2002, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 3.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR MAT OG EFNI GÆÐASKÝRSLUNAR FYRIR HAGSKÝRSLUR UM LAUNAKOSTNAÐ

A-HLUTI

Launakerfiskönnun: heildarniðurstöður: töflugreining

Tiðnidreifing og tengt meðaltal og miðgildi ⁽¹⁾ skal gefið fyrir a.m.k.:

a) fjölda starfsmanna í fullu starfi og

b) fjölda starfsmanna í hlutastarfi,

sundurliðað fyrir hverja af eftirtöldum breytum:

— vergar tekjur á klukkustund og eftir kyni,

— vergar tekjur á mánuði eftir og kyni,

— vergar tekjur á ári og eftir kyni,

— frídagar á ári (< 10, 10-19, 20-24, 25-29, 30-34, ≥ 35 dagar) og eftir kyni,

— greiddar eða unnar stundir á mánuði (< 130, 130-139, 140-149, 150-159, 160-169, 170-179, ≥ 180 klst.) og eftir kyni,

— atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og eftir flokkun hagskýrslusvæða á 1. stigi,

— atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og eftir kyni,

— starfsgrein (alþjóðlega starfsgreinaflokkunin frá 1988 (ISCO-88) samkvæmt eins stafa kerfi) og eftir kyni,

— menntun (alþjóðlega menntunarflokkunin (ISCED) 0 til 6) og eftir kyni,

— aldur (15-24, 25-54, 55-64, ≥ 65 ára) og eftir kyni,

— starfsaldur (< 10 ár, 10-19, 20-29, 30-39, ≥ 40 ár) og eftir kyni,

— stærð fyrirtækis, miðað við fjölda starfsmanna ⁽²⁾.

Til dæmis fyrir vergar tekjur á klukkustund og eftir kyni:

a) fjöldi starfsmanna í fullu starfi

Tekjur á klukkustund	Karlar + konur	Eingöngu karlar	Eingöngu konur
	Tiðni (%)		
Allt að 5 evrum	<i>Þessir strengir um tekjur á klukkustund eru lýsandi. Hvert land skal nota spurningastrengi sem sýna jafna tiðnidreifingu yfir tekjur á klukkustund, mánuði og ári. Ef nauðsyn krefur skal einnig nota aðra spurningastrengi en þá sem tilgreindir eru hér að framan yfir frídaga á ári og greiddar og unnar stundir á mánuði</i>		
5 til 10 evrum			
10 til 15 evrum			
15 til 20 evrum			
20 til 30 evrum			
30 til 40 evrum			
40 til 50 evrum			
50 evrum og þar yfir			
Heildartiðni	100 %	100 %	100 %
Heildarfjöldi starfsmanna			
Heildarmeðaltal (evra)			
Miðgildi (evra)			

B-HLUTI

1. Mikilvægi (valfrjáls liður)

Yfirlit þar sem fram kemur notendalýsing, lýsing á notendaþörfum (eftir aðalþópum notenda) og mat á uppfyllingu á þörfum notenda.

⁽¹⁾ Fyrir hverja tilgreinda dreifingu skal gefa upp eftirfarandi: heildarfjöldi starfsmanna, hlutfallslega tiðni (%) fyrir hvern spurningastreng, heildarmeðalgildi og miðgildi. (Meðaltal og meðalgildi eru ekki mikilvæg fyrir breytur atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., flokkun hagskýrslusvæða 1, starfsgreina- eða menntunarstig.)

⁽²⁾ Sex spurningastrengir miðað við heildarfjölda starfsmanna: 1-9, 10-49, 50-249, 250-499, 500-999, 1000 og yfir. Sá fyrsti af þessum sex strengjum er valfrjáls fyrir launakerfi 2002.

2. Nákvæmni

2.1. Úrtaksskekkjur

2.1.1. Líkindaúrtak

2.1.1.1. Bjagi (valfrjáls liður)

Mat á bjaga af völdum matsaðferðarinnar ef einhver er.

2.1.1.2. Dreifni

— Frávíkisstuðull ⁽¹⁾ vergra heildartekna, sem veitir sérstakar upplýsingar um mánaðartekjur a.m.k. (upplýsingar um tekjur á klukkustund og ári eru valfrjálsar), fyrir:

- a) starfsmenn í fullu starfi og
- b) starfsmenn í hlutastarfi,

sundurliðað eftir:

- atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og eftir kyni,
- starfsgrein (alþjóðlega starfsgreinaflokkunin (ISCO-88) samkvæmt eins stafa kerfi) og eftir kyni,
- aldri (15-24, 25-54, 55-64, ≥ 65 ára) og eftir kyni,
- bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og eftir flokkun hagskýrslusvæða á 1. stigi (valfrjáls liður),
- menntun (alþjóðlega menntunarflokkunin (ISCED) 0 til 6) og eftir kyni (valfrjáls liður).

— Frávíkisstuðull, sem veitir upplýsingar um klukkustundir á mánuði fyrir:

starfsmenn í fullu starfi, sundurliðað eftir:

- atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og eftir kyni,
- starfsgrein (alþjóðlega starfsgreinaflokkunin (ISCO-88) samkvæmt eins stafa kerfi) og eftir kyni,
- aldri (15-24, 25-54, 55-64, ≥ 65 ára) og eftir kyni,
- bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og eftir flokkun hagskýrslusvæða á 1. stigi (valfrjáls liður),
- menntun (alþjóðlega menntunarflokkunin (ISCED) 0 til 6) og eftir kyni (valfrjáls liður).

2.1.2. Önnur úrtaka en líkindaúrtaka

Ef notuð er önnur úrtaka en líkindaúrtaka skal fylgja lýsing á því sem hugsanlega veldur því að nákvæmni er ábótavant.

2.2. Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur

2.2.1. Þekjuskekkjur

- Lýsing á helstu rangflokkunum, of- eða vanþekju ⁽²⁾ sem koma í ljós við gagnaöflunina.
- Lýsing á aðferðunum sem eru notaðar við vinnslu þessara skekkja.
- Hlutföll rangflokunar, of- eða vanþekju (valfrjáls liður).

Aths.: Þegar einstök stjórnsýslugögn eru notuð þarf að gefa skýrslu um svipaða greiningu sem byggð er á stjórnsýsluviðmiðunarskrá.

2.2.2. Mælingarskekkjur

- Lýsing á aðferðunum sem eru notaðar til að meta mælingarskekkjur ⁽³⁾.
- Mat á bjaganum og lýsing á metlunum sem eru notaðir til að leiðrétta bjagann fyrir aðalbreytu, t.d. mánaðartekjur.

⁽¹⁾ Frávíkisstuðull er hlutfall kvaðratrótur af dreifni metils og meðalgildis. Það er metið sem hlutfall kvaðratrótarinnar af dreifni úrtaksins og áætlaðs gildis. Bæði deilistofn og deilistuðull skulu fylgja ásamt með frávíkisstuðlinum sem út kemur. Við mat á dreifni úrtaks þarf að taka mið af úrtakssniði.

⁽²⁾ Með „rangflokkun“ er átt við ranga flokkun eininga sem heyrta til markþýðisins. Með „vanþekju“ er átt við (nýjar) einingar, sem falla ekki inn í rammann, annaðhvort vegna eiginlegrar stofnunar einingar eða sundrunar á starfsemi, og ranglega flokkaðar einingar. Ekki er tekið tillit til neðanjarðarhagkerfis. „Ofþekja“ felur annaðhvort í sér einingar, sem eru ranglega flokkaðar og eru utan gildissviðsins (t.d. raunstarfsemi starfsstöðvar C-K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) eða einingar sem ekki eru til í raun.

⁽³⁾ Mælingarskekkjur eru skekkjur sem verða til við gagnasöfnun. Um er að ræða margs konar mælingarskekkjur, t.d. könnunarverkferið (eyðublaðið eða spurningalistann), svarandann, upplýsingakerfið, aðferðina sem beitt er við gagnasöfnun og spyrjandann.

2.2.3. Vinnsluskekkjur (valfrjáls liður)

Vinnsluskekkjur eru skekkjur í eftirvinnslu gagna, svo sem gagnaskráningu, kóðun, ritstýringu, vægi og töflusetningu.

- Skekkjuhlutföll gagnafærslna eða kóðunar fyrir aðalbreyturnar, t.d.:
 - vergar heildartekjur fyrir viðmiðunarárið,
 - vergar heildartekjur fyrir viðmiðunarmánuðinn,
 - fjöldi greiddra eða unninna stunda í viðmiðunarmánuðinum.
- Athugasemdir um matsaðferðir á þessum hlutföllum ⁽¹⁾.
- Mat á bjaga og dreifni af völdum vinnsluskekkja.

2.2.4. Brottfallskekkjur

- Svarhlutfall einingar ⁽²⁾.
- Svarhlutfall fyrir aðalbreyturnar (t.d. mánaðar- og árstekjur og vinnustundir). Hundradshlutinn er hlutfallið milli fjölda svara við spurningunni og fjölda svarenda.
- Lýsing á aðferðunum sem notaðar eru til að áætla stærðir og/eða endurvega þær vegna brottfalls.

Aths.: Ef einstök stjórnsýslugögn eru notuð jafngildir skortur á tiltækum stjórnsýsluskram eða gagnaliðum brottfalli.

- Lýsing á ástæðum brottfalls og mat á bjaga þegar svör vantar við helstu spurningunum í könnuninni, t.d. um mánaðar- eða árstekjur eða vinnustundir.

2.2.5. Skekkjur í forsendum líkana

Skýrsla ⁽³⁾ um notkun eftirfarandi líkana:

- til að tryggja að lýsandi mánuður sé valinn,
- til að laga uppgjörsár eða reikningsár að almanaksári,
- til að tryggja að atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C til K nái að fullu yfir öll fyrirtæki (að lágmarki fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri),
- að sameina gögn úr stjórnsýsluheimildum og könnunum.

Aths.: Ef einstök stjórnsýslugögn eru notuð þurfa að fylgja athugasemdir um samsvörun á milli hugtaka í stjórnsýslunni og fræðilegra hugtaka í tölfræðinni.

3. Tímanleiki og rétt tímasetning

- Helstu dagsetningar fyrir gagnasöfnun: t.d. skilafrestur sem svarendur í aðildarríki þurfa að virða, hvenær spurningalistar, itrekanir og eftirfylgd voru send og hvenær verkið var unnið.
- Helstu dagsetningar fyrir áfangann eftir söfnun: t.d. upphafs- og lokadagsetning fyrir heilleika, kóðun og líkindakönnun, dagsetning gæðakönnunar (samsvörun niðurstaðna) og ráðstafanir til að tryggja að trúnaðar sé gætt.
- Helstu dagsetningar fyrir birtingar: t.d. hvenær bráðabirgðaniðurstöður og nákvæmar niðurstöður voru reiknaðar og hvenær þeim var dreift.

Aths.: Stundvísi með tilliti til gagnasendinga til Hagstofu Evrópubandalaganna verður metin í samræmi við reglugerðina þar sem tilgreind er tíðni gagnasendinga og tafir á þeim.

4. Aðgengi og skýrleiki

- Afrit af því sem hefur verið birt eða vísun í hvar það er að finna.
- Upplýsingar um niðurstöður sem sendar eru til eininga til skýrslugerðar, ef einhverjar eru, og eru í úrtakinu.
- Upplýsingar um dreifingaráætlun um niðurstöður (t.d. hverjum skal senda niðurstöðurnar).
- Afrit af aðferðafræðilegum skjölum í tengslum við hagskýrslur sem lagðar eru fram eða tilvísun í þessi skjöl.

⁽¹⁾ Hægt er að mæla skekkjuhlutföll með tæknistöðlum gæðastjórnunar, t.d. með því að færa sönnur á gæði undirúrtaks í unnum spurningalistum (til að fylgjast með skekkjustiginu, annaðhvort þegar starfsmenn á hagstofum aðildarríkjanna kóða gögnin eða ritvinna þau).

⁽²⁾ Hundradshlutinn er hlutfallið milli fjölda svarenda og fjölda spurningalista sem sendir eru til úrtaksþýðis.

⁽³⁾ Athugasemdir ættu t.d. að taka til aðferða við val á þessum líkönum (þ.e.a.s. hvers vegna tiltekið líkan hefur verið valið frekar en önnur) og, ef við á, með skekkjum sem fylgja matinu, taka til atriða sem styðja forsendur að baki líkansins, prófunar á spágildi líkansins með eldri gögnum, samanburðar á niðurstöðum sem líkanið gefur við aðrar skyldar heimildir, notkunar vinsunar og samanburðamælinga, prófana á næmi líkansins fyrir mati á stikum, athugunar á réttmæti gagna fyrir líkanið.

5. **Samanburðarhæfi**5.1. *Landfræðilegt samanburðarhæfi*

Samanburð á innlendum hugtökum og evrópskum þarf að tilkynna ef einhver er, einkum að því er varðar skilgreiningar á hagskýrslueiningum, viðmiðunarþýði, flokkunum og skilgreiningum á breytum í sendum niðurstöðum. Mismuninn skal gefa upp í tölum.

Aths.: Ef flokkanir og einingar eru úr skránni skulu gæði upplýsinganna vera úr skýrslunni um gæðaskráningar.

5.2. *Samanburðarhæfi mismunandi tímabila*

Upplýsingar um breytingar á skilgreiningum, umfangi eða aðferðum í samanburði við fyrri launakerfiskönnun og mat á afleiðingum sem verða vegna breytinga sem ekki eru óverulegar.

6. **Samræmi**

Aths.: Markmið með þessum lið eru tvö. Annað er að láta notendur vita af hugtakamuninum á milli uppruna mismunandi breytna sem líkjast mjög hver annari og bera venjulega sama heiti í hagskýrslum og að leggja fram upplýsingar um hvernig skuli farið frá einu hugtaki til annars. Hitt markmiðið er að ganga úr skugga um að hagskýrslur, sem eru að jafnaði samræmdar að því er varðar hugtök, gefi sambærilegar niðurstöður, miðað við sama viðmiðunarþýði. Með þetta að markmiði skulu hagskýrslur um launakerfi bornar saman við aðrar hagskýrslur sem sendar eru Hagstofu Evrópubandalaganna þar sem t.d. er tekið tillit til að launakerfiskönnunin byggist á starfsstöðvum fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri.

6.1. *Samræmi við starfsmannakerfi í vinnumarkaðskönnuninni fyrir sama viðmiðunartímabil*

Launakerfiskönnunina skal bera saman við vinnumarkaðskönnunina þar sem kannanirnar eru með allmargar breytur sameiginlegar. Einkum skal sýna í hundraðshlutum þversnið af greiningu á dreifingu starfsmanna í launakerfiskönnuninni og vinnumarkaðskönnuninni og gera greinarmun á starfsmönnum í fullu starfi og hlutastarfi. Töfluþversniðið skal nota í eftirtaldar breytur:

— kyn, aldur og atvinnustarfsemi (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi),

— kyn, aldur og menntunarstig (alþjóðlega menntunarflokkunin 0 til 6),

— kyn, aldur og starfsgrein (alþjóðlega starfsgreinaflokkunin (ISCO-88) samkvæmt eins stafa kerfi).

Eftirfarandi spurningastrengi skal nota fyrir aldur (15-24, 25-54, 55-64, 65 eða eldri).

6.2. *Samræmi við rauntölur úr gögnum úr vinnumarkaðskönnuninni fyrir sama viðmiðunartímabil (valfrjáls liður í launakerfiskönnuninni 2002)*

Í eftirfarandi töflu er samantekt á því sem er sameiginlegt í könnunum.

	Launakerfiskönnun	Vinnumarkaðskönnun
Hagskýrslueining	Starfsstöð	Heimili
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K, M-O	Atvinnugreinaflokkun, 1. endursk., bálkar C-K, M-O
Breytur sem skal bera saman í könnunum	Fjöldi starfsmanna, gerður greinarmunur á fullu starfi og hlutastarfi og eftir kyni Fjöldi vinnustunda í viðkomandi mánuði (eða í stöðluðum vinnumánuði)	Fjöldi starfsmanna, gerður greinarmunur á fullu starfi og hlutastarfi og eftir kyni Fjöldi venjulegra vinnustunda á viku breytt í vinnustundir á mánuði
Tilskilin sundurliðun eftir starfsgreinum	Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin frá 1988 samkvæmt eins stafa kerfi	Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin frá 1988 samkvæmt eins stafa kerfi
Tilskilin sundurliðun eftir atvinnugreinum	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi
Tilskilin svæðisbundin sundurliðun	Flokkun hagskýrslusvæða, 1. stig	Flokkun hagskýrslusvæða, 1. stig

Breytan „fjöldi starfsmanna“ (þar sem gerður er greinarmunur á starfsmönnum í fullu starfi og í hlutastarfi og eftir kyni) og breytan „fjöldi vinnustunda“ skulu sundurliðaðar eftir starfsgreinum, svæðum og atvinnugreinum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (viðurkennt er að atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, bálkar M-O eru valfrjálssir liðir í launakerfiskönnuninni 2002). Ekki er þörf á töfluþversniði milli stafsgræna, svæða og atvinnustarfsemi.

6.3. *Samræmi við hagskýrslur um skipulag fyrirtækja fyrir sama árið: svæðisbundin gögn (valfrjáls liður í launakerfiskönnuninni 2002)*

Reglur um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽¹⁾ taka til allrar markaðsstarfsemi í bálkum C til K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., að undanskildum bálki J. Í eftirfarandi töflu er samantekt á því sem er sameiginlegt í könnunum.

	Launakerfiskönnun	Vinumarkaðskönnun (árlegar svæðahagskýrslur)
Hagskýrslueining	Starfsstöð	Starfsstöð
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K, að undanskildum J
Breytur sem skal bera saman í könnunum	Fjöldi starfsstöðva í þýðinu Vergar heildartekjur á viðmiðunarárinu	11 21 0: Fjöldi starfsstöðva 13 32 0: Launakostnaður
Tilskilin sundurliðun eftir starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi
Tilskilin sundurliðun eftir svæðum	Flokkun hagskýrslusvæða, 1. stig	Flokkun hagskýrslusvæða, 1. stig

Breyturnar „fjöldi starfsstöðva“ og „vergar heildartekjur á ári/launakostnaður“ skulu hvor um sig sundurliðuð eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins og eftir svæðum. Í útskýringum á helsta muninum á þessum breytum skal taka tillit til ólíkra hugtaka, skilgreininga, nákvæmni og umfangs hverrar könnunar fyrir sig. Reyna skal töfluþversnið eftir atvinnugreinum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins og eftir svæðum.

6.4. *Samræmi við hagskýrslur um skipulag fyrirtækja fyrir sama árið: innlend gögn (valfrjáls liður í launakerfiskönnuninni 2002)*

	Launakerfiskönnun	Vinumarkaðskönnun (árlegar svæðahagskýrslur)
Hagskýrslueining	Starfsstöð	Fyrirtæki
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K
Breytur sem skal bera saman í könnunum	Heildarfjöldi fyrirtækja í þýðinu Heildarfjöldi starfsmanna í þýðinu Vergar heildartekjur á ári á viðmiðunarárinu.	11 11 0: Fjöldi fyrirtækja 16 13 0: Fjöldi launþega 13 32 0: Launakostnaður
Tilskilin sundurliðun eftir starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi
Tilskilin sundurliðun eftir stærð fyrirtækis	Fjöldi starfsmanna: 1-9 (*), 10-49, 50-249, 250-499, 500-999 og 1 000 +	Fjöldi starfsmanna 1-9, 10-49, 50-249, 250-499, 500-999 og 1 000 +

(*) Valfrjálst fyrir launakerfiskönnunina 2002.

Breyturnar „fjöldi fyrirtækja“ og „fjöldi starfsmanna“ og „vergar heildartekjur á ári/launakostnaður“ skulu hver um sig sundurliðaðar eftir atvinnugreinum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins og eftir stærð fyrirtækja. Skýring á helsta mismun, með tilliti til ólíkra hugtaka, skilgreininga, nákvæmni og skráa í hvorri könnun fyrir sig. Til dæmis eru breyturnar fjöldi fyrirtækja (11 11 0), fjöldi starfsmanna (breyta 16 13 0) og launakostnaður (breyta 13 32 0) ekki tiltækar fyrir alla bálka C til K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

6.5. *Samræmi við þjóðhagsreikninga fyrir sama ár: innlend gögn (valfrjáls liður í launakerfiskönnuninni 2002)*

Í eftirfarandi töflu er samantekt á því sem er sameiginlegt í könnunum.

	Launakerfiskönnun	Þjóðhagsreikningar (tafla 3: Tölur eftir atvinnuvegum – gert árlega ^(*))
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K, M-O	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C-K, M-O
Breytur sem skal bera saman í könnunum	Heildarfjöldi starfsmanna Vergar heildartekjur á viðmiðunarárinu	Heildarfjöldi starfsmanna D11 Launakostnaður
Tilskilin sundurliðun eftir starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á bálkastigi

(*) Evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í bandalaginu frá 1995, afhendingaráætlun gagna, Evrópubandalögin 1997 (sjá einnig spurningalista evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í Evrópubandalaginu frá 1995).

Breyturnar „fjöldi starfsmanna“ og „vergar heildartekjur á ári/launakostnaður“ skulu hvor um sig sundurliðaðar eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins. Í skýringu á helsta mismun á breytum í könnunum tveimur skal taka tillit til ólíkra hugtaka og umfangs og, eftir atvikum, nákvæmni hvernar hagskýrslu fyrir sig. Bálkar M til O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins eru valfrjálsir fyrir launakerfiskönnunina 2002.

7. **Heilleiki**

Skrá yfir breytur og/eða sundurliðanir sem krafist er í reglugerðinni en eru ekki fyrir hendi og lagfæringarnar sem fyrirhugaðar eru til að leiðrétta þessa anmarka.